



Titill / Title	Upplýsingakerfi fiskmarkaða/Information system for customers at fresh fish markets		
Höfundar / Authors	Ragnar Örn Egilsson		
Skýrsla Rf / IFL report	6 - 98	Útgáfudagur / Date:	11. febrúar 1998
Verknr. / project no.	1334		
Styrktaraðilar / fundiing:	Rannsóknarráð Íslands		
Ágríp á íslensku:	<p>Niðurstaða verkefnisins var sú að nær allar þær upplýsingar sem gefnar eru upp á uppboðsblaði fiskmarkaða innan Reiknistofu fiskmarkaða eru mikið notaðar. Það sem mest kom á óvart í því sambandi var að upplýsingar um af hvaða báti afli kemur voru ekki mikið notaðar. Áreiðanleiki upplýsinga var hins vegar í slakara lagi að mati kaupenda. Þær upplýsingar sem helst þarf að bæta eru upplýsingar um stærð, gæði, og meðalstærð fisks.</p> <p>Þær upplýsingar sem kaupendur finnst helst vanta eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> • mat á ísun • hita í fiskholdi þegar hann kemur inn í fiskmarkaðina • bættar dagmerkingar <p>Kaupendur gera sér þó grein fyrir því að erfitt getur reynst fyrir markaði að meta þann afla sem kemur til sölu því slíkt mat verður alltaf að hluta til huglægt. Það er einnig mikilvæg, að mati kaupenda, að staðla betur þær upplýsingar sem gefnar eru upp. Þetta á t.d. við um stærðaflokkun, röðun og fleira í þeim dúr.</p> <p>Ljóst er að kaupendur á fiskmörkuðum myndu notfæra sér upplýsingakerfi þar sem hægt væri að fletta upp verði fisks miðað við ýmsar breytur, t.d. aldur, gæðaeinkenni, veiðarfæri og fleira. Þannig gætu menn gert sé grein fyrir samspili verðs og gæða.</p> <p>Kaupendur voru almennt sammála um að hér ríkti seljendamarkaður, þ.e. meiri eftirspurn er eftir fiski en framboð. Þannig kom það í ljós að menn telja ekki nægjanlegan verðmun vera á góðum og lélegum fiski.</p>		
Lykilorð á íslensku:	gæði, skráning, meðhöndlun		
Summary in English:	<p>The project's conclusion is that most of the information given to customers in order to evaluate unseen fish at fresh fish markets is widely used. Unexpectedly, information about which fishing vessel the catch comes from is not much used to evaluate unseen fish. However, buyers at fresh fish markets find that most of the given information is unreliable. Information about size, quality and average size are the parameters that got the worst results.</p> <p>Buyers at fresh fish markets would like to see the following information added to the sales system:</p> <ul style="list-style-type: none"> • evaluation of icing • information about the temperature of the fish when it arrives at the auction • better information about the age of the fish <p>Buyers realise that it is problematic for auctions to evaluate the catch they sell since it is all a matter of subjectivity. Standardisation of various parameters, for example definition of size groups, must also be improved.</p> <p>It is clear that buyers at fresh fish markets would make use of an information system where they could analyse how price changes in connection to various quality parameters like age, handling, fishing gear ect.</p> <p>In the opinion of most of the buyers the market they operate in can be defined as a sellersmarket, where there is more demand than supply. People also think that there is not enough price difference between good and bad quality fish.</p>		
English keywords:	Quality, registration, handling		

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. RSF markaðir	3
3. Söluferfið	3
4. Viðtöl	4
4.1. Núverandi staða	4
4.2. Upplýsingapörf	7
4.3. Upplýsingakerfi fyrir viðskiptavinum fiskmarkaða	7
5. Könnun	8
5.1. Lýðfræðilegir þættir	9
5.2. Hvað upplýsingar eru notaðar og hversu áreiðanlegar eru þær ?	10
5.3. Nýjar upplýsingar	12
5.4. Röðun á mikilvægi upplýsinga	14
5.5. Umísun afla	15
5.6. Rekjanleiki	16
5.7. Stöðlun upplýsinga	17
5.8. Gæðamat og dagmerkingar	17
5.9. Verðmunur á góðum og slæmum fiski	18
5.10. Karamál	19
5.11. Upplýsingamál	20
5.12. Flutningamál	22
5.13. Gæðamál	24
5.14. Einkunnir markaða	27
5.14.1. Samantekt umkvartana	30
6. Samantekt	31
7. Lokaorð	33
8. Heimildir	34

Viðaukar

- i Könnun
- ii. Tölulegar niðurstöður könnunar
- iii Niðurstöður úr opinni spurningu

1. Inngangur

Verkefni þetta er samstarfsverkefni Reiknistofu fiskmarkaða (RSF) og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins (Rf). Verkefnið var fjármagnað með styrk frá RANNÍS auk framlaga þátttökufyrirtækja. Verkefninu var ýtt úr vör í þeim tilgangi að gera upplýsingakerfi fyrir viðskiptavinum fiskmarkaða. Ætlunin var að þetta kerfi hjálpaði mönnum að skoða samhengi verðs og gæða. Þannig sæju menn hvort betri meðhöndlun og frágangur afla skili hærra verði. Staðreyndin er sú, eins og fram kemur í þarfagreiningu, að menn telja of lítinn mun vera á milli verðs afla og gæða. Kerfi þetta var bæði ætlað fyrir kaupendur og seljendur á fiskmörkuðum.

Annað meginverkefni var að skoða, og greina, hvaða upplýsingar menn sem kaupa á fiskmörkuðum nýta sér er kaup fara fram á óséðum fiski. Áreiðanleiki þessara upplýsinga var einnig skoðaður. Í framhaldi af því var skoðað hvort menn sæju fyrir sér að einhverjar upplýsingar vantaði inn í núverandi sölukerfi RSF, til þess að geta betur metið afla óséðan. Þannig geta fiskvinnsluaðilar keypt afla sem hentar vel inn í þeirra vinnslu og þar með aukið verðmætasköpun. Gleggsta dæmið er saltfiskverkun. Þar er afar mikill verðmunur milli þyngdarflokka og því lykilatriði að fá fisk í þeim stærðarflokki sem gefur mestan arð.

Frá stofnun fiskmarkaða fyrir u.þ.b. tíu árum hefur verið mikil aukning í sölu þeirra og því mikilvægt að kaupendur, jafnt sem seljendur, hafi aðgang að góðum upplýsingum. Á upplýsingaöld er offramboð af upplýsingum. Því skiptir mestu máli að hafa greiðan og auðveldan aðgang að þeim upplýsingum sem nýtast fyrirtækjum til heilla. Þetta verkefni er fyrsta skrefið í þá átt, þ.e. að nota tölvutæknina til þess að miðla réttu upplýsingunum til réttra aðila. Slíkt getur skipt sköpum í verðmætamyndun sjávarútvegs á næstu árum.

2. RSF markaðir

Innan Reiknistofu fiskmarkaða (RSF) eru alls þrettán markaðir sem eru dreifðir um allt land. Hér að neðan sést um hvaða markaði er að ræða.

• Fiskmarkaður Suðurnesja, Sandgerði	• Fiskmarkaður Suðurnesja, Njarðvík
• Fiskmarkaður Suðurnesja, Grindavík	• Fiskmarkaður Suðurnesja, Ísafirði
• Fiskmarkaður Tálknafjarðar	• Fiskmarkaður Hornafjarðar
• Faxalón Hafnarfirði-Reykjavík	• Fiskmarkaður Hólmavíkur
• Fiskmarkaður Vopnafjarðar	• Fiskmarkaður Dalvíkur, Dalvík
• Fiskmarkaður Dalvíkur, Grímsey	• Fiskmarkaður Snæfellsness
• Fiskmarkaður Suðurlands	•

Tafla 1

Þessir fiskmarkaðir hafa 50% markaðshlutdeild við sölu afla á fiskmörkuðum. Hinn helming sölunnar hefur Íslandsmarkaður. Til samans selja allir fiskmarkaðir á Íslandi um 24% af öllum bolfiskafla sem veiðist á Íslandsmiðum.

Hlutverk RSF er að halda við og þróa það tölvukerfi sem markaðarnir nota við sölu á afla. Öll reikningagerð fer einnig fram á vegum reiknistofunnar.

3. Sölukerfið

Það sölukerfi sem þróað var af RSF hefur reynst afar vel. Til staðfestingar á því er útflutningur þess bæði til Bandaríkjanna og nú síðast til Þýskalands. Það er þó ljóst að lítil framþróun hefur átt sér stað síðan kerfið var fyrst hannað. Þetta umrædda kerfi gerir það kleift að menn geta boðið í afla óséðan hvar á landinu sem er. Þetta leiðir aftur af sér að þær upplýsingar sem fara inn í kerfi verða að vera réttar og settar fram á réttan hátt. Því er framþróun mjög mikilvæg.

Eins og staðan er nú eru eftirfarandi upplýsingar slegnar inn í uppboðskerfið.

Breyta	Skýring
<i>Veiðarfæri</i>	Í hvaða veiðarfæri er afli veiddur
<i>Fisktegund</i>	Tegund fisks
<i>Ástand</i>	Aðallega notað til að koma á framfæri hvort afli er slægður eða óslægður.
<i>Gæði</i>	Lýsir meðhöndlun afla, t.d. hvort afli sé raðaður og ísaður.
<i>Aldur</i>	Aldur fisks.
<i>Stærð</i>	Mjög margir kvóðar eru til innan þessa flokks. Afli er ýmist gefinn upp á ákveðnu þyngdarbili eða meðaltal afla er gefið upp á ákveðnu bili.
<i>Meðalþyngd</i>	Stikkprufa tekin á markaði.
<i>Magn</i>	Heildarmagn sem boðið er upp í stæðu.

Tafla 2

Tilgangur þessa verkefnis er að meta hvaða upplýsingar kaupendur eru að nota, hversu áreiðanlegar þær eru og hvaða upplýsingar það eru sem mönnum finnst helst vanta inn í kerfið.

4. Viðtöl

Til þess að undirbúa spurningalista og einnig til að fá dýpri skilning á viðfangsefninu voru tekin þrettán viðtöl við viðskiptavinum RSF. Um var að ræða fiskverkendur um allt land. Viðtölin fóru ýmist fram í gegnum síma eða á staðnum.

Markmið viðtala var að meta núverandi stöðu, þ.e.a.s. áreiðanleika upplýsinga í uppboðskerfi, en einnig að spyrja menn út í hvaða upplýsingum þyrfti helst að bæta við. Hér að neðan er umfjöllun um núverandi upplýsingar og síðan hvaða upplýsingar menn vilja sjá inn í uppboðskerfið.

4.1. Núverandi staða

Raunin var sú að það eru mörg vandamál sem þarf að takast á við í núverandi kerfi. Það sem var jákvætt var að það virtist vera að þjónusta markaða væri að verða betri með tímanum. Markaðir eru hinsvegar hvattir til að vanda öll vinnubrögð.

Hér að neðan er umfjöllun um helstu vandamálin sem nefnd voru. Röðunin segir nokkuð til um hversu alvarleg menn töldu málefnið vera, þ.e. stærsta vandamálið efst og svo koll af kolli. Það skal þó tekið fram að sum þessara vandamála snúa ekki beint að fiskmörkuðum.

Seljendamarkaður

Eitthvert stærsta vandamálið, sem síðan leiðir af sér önnur, er að meiri eftirspurn er eftir fiski en framboðið er. Menn gengu jafnvel svo langt að segja að á meðan ástandið er svona væri vonlaust að bæta stöðu mála varðandi t.d. meðferð afla.

Stærðarflokkun

Stærðarflokkun virðist vera mjög ábótavant. Óánægja kom fram með að selja afla eftir svokölluðum "hugtökum", þ.e. til dæmis blandaður smár og blandaður góður fiskur. Þegar afli er gefinn upp með þessu móti er verið að segja að meðaltal afla

liggi á ákveðnu bili. Þannig getur þyngdarbilið sem fiskarnir liggja á verið mjög mikið og því vilja menn staðla betur stærðarmörk. Menn töluðu um að betra væri að fá afla uppgefinn á ákveðnu bili og síðan að gefa upp meðalþyngd, samkvæmt prufu, þegar því er viðkomið. Menn töldu einnig að meðalþyngd mætti koma oftar fram. Vandamálið liggur að sjálfsögðu einnig hjá útgerðarmönnum þ.e. að stærðarflokkun er stundum ekki nægjanlega vönduð. Rétt stærðarflokkun er t.d. afar mikilvæg við saltfiskvinnslu þar sem mikill verðmunur getur verið milli stærða.

Dagmerkingar

Bæta þarf mikið dagmerkingar. Það að vita ekki aldur fisksins hefur í för með sér verulega óhagræðingu meðal vinnslufyrirtækja. Þannig verður verkstjóri að fara í gegnum allan aflann og meta hvað á að fara fyrst í vinnslu.

Undirvigt

Það var mál manna að gegnumsneitt væri afli seldur með undirvigt á mörkuðum. Talan 3-4% var nefnd en tölur allt upp í 10-18% sáust.

Margar ástæður geta legið að baki þessari óánægju. Dæmi um það er hin margumtalaða 3% regla, þ.e. að meiri ís reynist í körunum en reiknað var með. Önnur ástæða er sú að með tímanum rennur vatn úr fiskinum en þetta vökvatap nemur allt að 6% á 10 dögum neðst í 660 lítra kari þar sem þrýstingur er mestur.

Frágangur afla

Ein afleiðing þess að þessi markaður er seljendamarkaður er sú að meðferð afla er kannski ekki jafn góð og skyldi. Ástæðan er sú að oft er lítil verðmunur á afla sem hefur hlotið rétta meðferð og á þeim sem hefur hlotið slæma meðferð. Ef jafnvægi ríkti á markaði myndu þeir sem koma með betri fisk að landi fá betra verð. Annað sem að hluta til veldur því að góður og slæmur fiskur selst á sama verði er að oft á tíðum fylgja ekki nægjanlega góðar upplýsingar um afla til kaupenda. Þetta þýðir að kaupandi veit ekki af hvaða bát afli kemur og fær því ekki reynsluna sem þarf til að geta valið milli báta. Staðreyndin er sú að sumir bátar eru þekktir fyrir góða meðhöndlun.

3% reglan

Afar mikil óánægja er úti í iðnaðinum með hina svokölluðu 3% reglu. Mennt segjast vera að kaupa ís á 80-100 krónur kílóíð vegna hennar. Talað var um að talsvert væri afgreitt á mörkuðum eftir þessari reglu, þ.e. afli er brúttóvigtaður og síðan dregið frá 3% sem ís. Það má segja að 3% ísun sé afar lítil en hæfileg ísun telst vera 10-15% á ísfiskbátum.

Karamál

All mikið var rætt um að karamál væru ekki í góðu lagi. Talað var um að kör væru oft mjög ósnyrtileg og sprungin. Annað vandmál með körin er að hart er gengið eftir að rukka fyrir kör sem afli er seldur í. Eitt dæmið var að kaupandi var búinn að senda körin frá sér en þau höfðu ekki komið í ljós. Viðkomandi var þá rukkaður og fékk enga leiðréttingu vegna þess að markaðir bentu hver á annan.

Einnig töldu menn oft vanta upplýsingar um afla sem í körinum er. Þær upplýsingar sem verða að koma fram að mati viðskiptavina eru:

• veiðibátur	• veiðarfæri
• veiðidagur	• magn í kari
• meðalstærð	• fjöldi kara í sendingu (t.d. kar 1 af 3, 2 af 3 og 3 af 3)

Tafla 3

Annað

Upplýsingaflæði milli markaða og viðskiptavina þarf að bæta. Kaupendur vilja fá sent á sjálfvirkan hátt upplýsingar um kaup, annaðhvort á faxi eða með tölvupósti. Einnig var talað um að það þyrfti að vera hægt að taka þátt í uppboði í gegnum tölvu.

Annað sem menn töluðu um er að það þyrfti að bæta staðla varðandi þvott, ísun og ferskleika. Þetta þýðir að kaupendur vilja fá nákvæmari upplýsingar um t.d. hvar afli er ísaður, er afli ísaður í kör úti á sjó eða þegar báturinn kemur í land. Annað sem menn vilja geta treyst er hvort afla sé raðað. Þó svo að á uppboðsblaði komi fram að afla sé raðað þarf ekki að vera að um nægjanlega góða röðun sé að ræða. Þessu þyrfti að koma betur á framfæri í breytunni "gæði". Í framhaldi af þessari umræðu þarf að staðla betur meðferð afla milli báta og verða markaðir, jafnt sem aðrir hagsmunaaðilar, að leggjast á eitt um bættu meðferð afla.

4.2. Upplýsingapörf

Þá er komið að niðurstöðum viðtala varðandi það hvað viðskiptavinum RSF finnst vanta af upplýsingum í uppboðskerfið.

Hitastig

Það fyrsta sem nefnt var er að vöntun væri á upplýsingum um hitastig fisks á hinum ýmsu stigum. Það sem var mest rætt um var hitastig fisks þegar hann kemur inn á markaðina. Einnig var rætt um að fá upplýsingar um hitastig við löndun og hitastig fisks við sölu. Aðalatriðið er þó að fá einhverja hugmynd um hitastig í fiskholdi til að meta hvort fiskurinn sé nægilega vel ísaður.

Veiðisvæði

Sum svæði er þekkt fyrir að þar fyrirfinnist ákveðin gæðaeinkenni t.d. varðandi stærð og holdafar. Þetta á einnig við um orma. Menn töldu það mjög jákvætt að koma þeim upplýsingum á framfæri.

Gæðamat

Mikið var rætt um hverskyns gæðamat en menn voru jafnframt meðvitaðir um það að erfitt gæti reynst að koma slíku kerfi á. Rætt var um hreinan gæðastuðul þar sem tekið væri inn í dæmið upplýsingar um þvott, ísun og slægingu. Aðrir ræddu um að skynmat ætti að eiga sér stað. Enn aðrir ræddu um að nægjanlegt væri að fá mat á ísun þar sem það væri einna mikilvægast þegar að gæðum kemur að fiskurinn hafi verið sem næst 0°C í geymslu.

Annað

Einnig kom upp í viðtölum að mæla þyrfti innvols óslægðs fisks. Önnur ábending var að það þyrfti að koma fram hvernig ísprósentan væri fengin, er t.d. verið að nota 3% regluna eða var tekin prufa o.s.frv.

4.3. Upplýsingakerfi fyrir viðskiptavinum fiskmarkaða

Eitt af höfuð markmiðum verkefnisins var að kanna hvort þörf væri á að hanna kerfi þar sem hægt væri að skoða verð ýmissa tegunda, t.d. yfir ákveðinn mánuð eða fisk

með sérstök gæðaeinkenni (aldur, ástand). Ein hugmyndin er að koma slíku kerfi fyrir á Internetinu. Mikið er um það að viðskiptavinir sem aðrir hringi til markaða innan RSF og biðji um ákveðnar verðupplýsingar. Kerfi sem þetta væri m.a. ætlað til að svara þessari þörf auk þess sem það léttir á vinnuálagi starfsmanna markaða.

Menn voru á því að þeir myndu ekki koma til með að nýta sér slíkt kerfi. Skýringin á því var fyrst og fremst sú að þessi markaður væri svo breytilegur (dynamískur) að forsendur og verð dagsins í dag væri ekki það sem myndi gilda á morgun.

Ein hugmynd sem kemur til greina, sem er mun ódýrari en hönnun kerfis, er að sjálfvirkir séu teknar út ákveðnar upplýsingar úr sölukerfinu og þær settar á Internetið. Þetta yrðu þá þær upplýsingar sem mest er sóst eftir í dag. Með því móti væri hægt að mæta kröfum viðskiptavina að einhverju leyti, minnka álag á starfsfólki fiskmarkaða og koma í veg fyrir tvíverknað. Hægt væri að gera litla könnun á mörkuðum þar sem fengnar eru upplýsingar um hvað menn biðja helst um og koma þá þeim upplýsingum á Internetið.

5. Könnun


Upp úr niðurstöðum viðtala auk annarra athugasemda var unninn spurningarlisti. Um var að ræða fimm síðna lista með 29 spurningum af ýmsum toga. Spurningalista þennan, ásamt bréfi sem sent var með, má sjá í viðauka 1.

Þann 4. nóvember var spurningarlistinn sendur út til 210 viðskiptavina innan RSF keðjunnar. Það má nánast segja að listinn hafa verið sendur til allra kaupenda á mörkuðum RSF. Svörunin var mjög góð en 52 svör bárust eða 24,7%. Þannig má segja að svarendur séu um 25% af öllu þýðinu. Könnunin hlýtur því að teljast marktæk.

5.1. Lýðfræðilegir þættir

Starfsmannafjöldi


Þau fyrirtæki sem svöruðu eru afskaplega misjöfn að stærð. Mörg fyrirtækjanna eru afar lítil en stærsti hlutinn hefur þó starfsmenn yfir ellefu. Af þeim 52 sem svöruðu könnuninni í heild voru það 48, eða 92%, sem svöruðu þessari spurningu.



Mynd 1

Velta fyrirtækja

Hér má sjá dreifingu á veltu þeirra 46 fyrirtækja sem svöruðu því hversu mikil velta þeirra væri. Þetta eru um 88% af heildarsvörun könnunarinnar.




Mynd 2

Eins og sjá má af starfsmannafjölda og veltu þátttökufyrirtækja er um nokkuð stór fyrirtæki að ræða.

Staðsetning fyrirtækja


Eins og sjá má er nokkuð góð dreifing á því hvar á landinu fyrirtækin sem svöruðu eru staðsett. Flest eru þó á Reykjarvíkursvæðinu og á Reykjanesi. Alls svöruðu 51 aðili þessari spurningu.



Mynd 3

Tegund vinnslu

Eins og sjá má á mynd 4 eru það þrjár tegundir vinnslu sem skera sig nokkuð út hvað fjölda varðar. Þetta eru söltun, frysting og ferskfiskvinnsla. Þar töluvert á eftir kemur hersla.



Mynd 4


Þess skal getið að á myndinni hér að ofan er um fjölda fyrirtækja að ræða í hverjum flokki. Eitt fyrirtæki getur þó verið í mörgum tegundum vinnslu í senn.

5.2. Hvað upplýsingar eru notaðar og hversu áreiðanlegar eru þær ?

Tilgangur þessara tveggja spurninga var að greina stöðuna eins og hún er í dag. Hvaða upplýsingar, sem kaupendum stendur til boða á uppboði, eru mest notaðar þegar kaupin eru ákveðin.

Notkun upplýsinga

Þátttakendur voru beðnir að svara því hversu mikið viðkomandi notaði þær upplýsingar sem gefnar eru upp á uppboðsblaði. Einkunnin 1 þýðir að viðkomandi notar breytuna ekkert en 7 þýðir aftur að hún sé mikið notuð. Nánast allir þátttakendur könnunarinnar svöruðu þessari spurningu.



Mynd 5


Eins og sjá má eru breyturnar næstum allar mjög mikilvægar og mikið notaðar. Þær breytur sem fá lægstu einkunn eru bátur og löndun. Mikilvægasta breytan að mati svarenda er "ástand". Hún hefur jafnfram lægsta staðfrávik og því er sveiflan ekki mikil. Sveifan í kringum meðaltalið er sýnd með 95% öryggisbili.

Það kemur á óvart hversu lítið, miðað við aðrar breytur, menn notfæra sér af hvaða báti afli kemur. Skýringin gæti einkum legið í því að oft á tíðum vita menn hreinlega ekki af hvaða báti afli kemur og því hafa þeir engar forsendur til að meta einstaka báta.

Áreiðanleiki upplýsinga

Svarendur voru einnig beðnir að meta áreiðanleika þeirra upplýsinga sem gefnar eru upp á uppboðsblaði.

Í þessu tilfalli þýðir einn að breytan sé mjög óáreiðanleg en 7 þýðir að hún sé mjög áreiðanleg.



Mynd 6


Þegar kemur að því að meta áreiðanleika breyta þá lækka meðaleinkunnir allverulega. Það er stærðarbreytan sem kemur verst út með meðaleinkunn 3,22. Þar fast á eftir koma gæði og meðalstærð.

Einkunnadreifingu þessara tveggja spurninga er að finna í viðauka 2 á blaðsíðu vii og viii.

5.3. Nýjar upplýsingar

Gefnar voru upp alls 17 nýjar upplýsingar sem möguleiki væri á að bæta inn í uppboðskerfi markaða innan RSF. Auk þess var gefinn möguleiki á að skrifa inn aðrar breytur ef listinn reyndist ekki tæmandi.

Hér að neðan er sett upp á grafískan hátt meðaltal hverrar breytu. Auk þess kemur fram sveiflan þar sem reiknað er með 95% öryggismörkum. Á eftir myndinni kemur síðan tafla þar sem búið er að raða breytum upp eftir mikilvægi. *Ef menn gáfu einkunnina sjö töldu þeir viðkomandi breytu mjög mikilvæga en ekki mikilvæga ef menn gáfu einkunnina einn.*



Mynd 7

Breyta	Meðaltal	Staðalfrávik
Mat á ísun	6,67	0,97
Hiti við löndun	6,46	1,09
Tími sem afli bíður óblóðgaður	6,42	1,23
Hiti á markaði	6,39	1,10
Dagmerkingar (bættar)	6,36	1,38
Hiti við sölu	6,34	1,44
Mat á röðun og þvotti	6,23	1,51
Hiti við afgreiðslu	6,08	1,67
Tími í sjókrapa eftir blóðgun	5,86	1,65
Hiti í fiski í lest	5,75	1,82
Skynmat	5,36	2,06
Magn í holi	5,11	2,01
Veiðisvæði	4,94	2,10
Togtími	4,87	1,82
Hiti í móttöku	4,44	2,32
Hiti í lest	4,38	2,33
Sjávarhiti	3,61	1,94

Tafla 4

Það er mat á ísun sem viðskiptavinir telja að jafnaði að helst vanti inn í uppboðslýsingu. Staðalfrávikin er einnig nokkuð lágt þannig að segja má að menn séu nokkuð sammála um að þetta séu mikilvægar upplýsingar.

Reynst getur erfitt fyrir markaði að leggja mat á þann fisk, eða frágang hans, sem seldur er þar. Þá eru markaðir ekki lengur hlutlausir, því mat á ísun, röðun eða þvotti verður alltaf að hluta til huglægt. Hitastig er þó hægt að taka á hinum ýmsu stigum og það virðist vera sem svo að hiti við löndun sé þar mikilvægastur. Það skal þó bent á það að munur á einkunnum í fyrstu sjö efstu sætunum er afar lítill og því er ekki marktækur munur milli þeirra.

Í lokin var gefið færi á að bæta inn breytum sem ekki voru gefnar upp í könnuninni. Í töflunni hér að neðan gefur að líta þá flóru sem svarendur gáfu upp.

Geymsluílát	Hreinlæti á ílátum
Hvernig vigtað (3% eða úrtak)	Holdafar (steinbítur)
Fer fiskur í ís strax	Er fiskur ísaður í landi ?
Er fiskur slægður úti á sjó ?	Er fiskur slægður í landi ?
Vigtarmiði á hverju kari	Nafn á báti og hver vigtar
Faxa allar upplýsingar eftir uppboð	Ormar
Gæðamat (A-B-C)	Æti í fiski

Tafla 5

Einn af svarendum taldi það þó sennilega mikið vesen að vera með allar þessar upplýsingar. Það er hárrétt, en þess vegna er þeim mun mikilvægara að velja "réttu" upplýsingarnar sem nýtast mönnum best.

5.4. Röðun á mikilvægi upplýsinga

Til þess að fá enn betri mynd af því hvaða upplýsingar viðskiptavinir vilja sjá inn í kerfið voru þeir beðnir að raða þeim breytum sem þeir áður höfðu gefið einkunn í röð eftir mikilvægi. Röðunin náði frá 1 upp í 5.

#	Breyta	Vegin heildarstig	Röðun miðað við spurningu 3
1	Mat á ísun	125	1
2	Mat á röðun og þvotti	90	7
3	Dagmerkingar	73	5
4	Tími óblóðgaður	54	3
5	Skynmat	53	11
6	Hiti við löndun	42	2
7	Hiti við sölu	42	6
8	Hiti við afgreiðslu	30	8
9	Hiti á markaði	29	4
10	Veiðisvæði	26	13
11	Hiti í fiski í lest	24	10
12	Tími í sjókrapa eftir blóðgun	16	9
13	Magn í holi	14	12
14	Togtími	7	14
15	Hiti í lest	2	16
16	Sjávarhiti	0	17
17	Hiti í móttöku	0	15

Tafla 6


Vegin heildarstig eru fengin með því að margfalda fjölda svarenda sem velja sömu breytu með ákveðnum stuðli. Fyrir fyrsta sæti fást fimm stig, annað fjögur stig og svo koll af kolli niður í eitt stig fyrir fimmta sæti.

Það má glöggjt sjá að röðunin breytist talsvert. Til gamans sýnir dálkurinn lengst til hægri í hvaða sæti hver breyta lenti í miðað við spurningu 3. Þar voru svarendur

beðnir að gefa hverri breytu einkunn eftir mikilvægi en hér voru þeir beðnir að raða upp breytum eftir mikilvægi. Spurningin er þá sú hvort meiri nákvæmni sé í því þegar menn raða upp eða eru látnir gefa einkunn. Það er mat höfundar að betra sé að styðjast við þá röð sem er í töflu sex. Mat á ísun er þó, eins og í spurningu 3, áfram í fyrsta sæti en mat á röðun og þvotti kemur síðan í næsta sæti þar á eftir.

5.5. Umísun afla


Spurningar 5 og 6 fólust í að leita álits manna á hvort markaðir ættu að fara í gegnum allan afla, umísa, raða og stærðarflokka. Heildarfjöldi svarenda var 50.



Mynd 8

Eins og sjá má eru það 56% sem eru mjög sammála því að markaðir fari í gegnum afla sem seldur er og stærðarflokki. Sá hluti svarenda, 10%, sem er mjög ósammála þessari fullyrðingu er sennilega þeir sem trúa því að það sé slæmt upp á gæði fisks að róta honum upp úr körum fyrir en að vinnslu kemur. Einn svarenda tók það reyndar sérstaklega fram að það væri seljandinn sem ætti að ganga endanlega frá fiskinum.

Næsta spurning var hvort menn væru tilbúnir að borga fyrir slíka þjónustu. Alls svöruðu 47 spurningunni.




Mynd 9

Það kemur á óvart hversu margir væru tilbúinir að greiða sérstaklega fyrir umrædda þjónustu. Einn svarenda sagðist reyndar telja að viðskiptavinir væru þegar í dag að greiða fyrir þessa þjónustu.

5.6. Rekjanleiki

Þegar, og ef, krafan um rekjanleika sjávarafurða verður sterkari á komandi árum er mjög líklegt að stórbæta þurfi alla meðferð upplýsinga þannig að þær fylgi með afurðinni í gegnum allt ferlið.

Viðskiptavinir RSF voru spurðir álits á því hvort þeir teldu það líklegt að viðskiptavinir þeirra kæmu til með að leggja á auknar kröfur um rekjanleika. Fjöldi svara var 45.




Mynd 10

Stærsti hluti svarenda er annað hvort mjög sammála því að krafan um rekjanleika komi til með að aukast eða frekar sammála.

5.7. Stöðlun upplýsinga

Spurning númer átta fólst í því að spyrja menn hvort bæta þyrfti staðla varðandi stærðarmörk, röðun, ísun og þvott. Eins og fram kom í viðtölum voru menn afar ósáttir við stærðarmörk og töldu að of mikil sveifla væri í stærð og þeir væru ekki að fá það sem þeir væru að borga fyrir.



Mynd 11

Eins og sjá má eru það 76% upp í 88% svarenda sem eru mjög sammála því að það þurfi að bæta staðla varðandi þessa fjóra þætti. Hæst á þessum lista er það stöðlun á ísun. Mjög líklegt er að menn vilji vita hvar afli var ísaður og helst hversu vel afli er ísaður. Þessar upplýsingar koma að nokkru leyti fram í dag. Breytan sem er næst mikilvægust, þ.e. stöðlun á þvotti, er hinsvegar ekki til staðar í dag. Varðandi röðun þá kom það fram í viðtölum að þótt afli væri lýst sem "raðað, ísað" þá væri afli ekki alltaf raðað.


5.8. Gæðamat og dagmerkingar

Það kom fram sterkur vilji kaupenda í spurningu 3 og 4 að tekið yrði upp gæðamat á mörkuðum. Spurning 9 var ætluð til að hnykkja á þessu atriði.

Gæðamat á markað

Eins og sjá má er yfirgnæfandi meirihluti mjög sammála því að taka þurfi upp gæðamat á mörkuðum þar sem mat er lagt á ferskleika, ísun, röðun, þvott og fleira. Svarafjöldi var 50.


Einn svarenda sagði jafnframt að þetta liti vel út á pappírnum, þ.e. gæðamat, en slíkt væri útilokað að framkvæma í raun. Enn annar sagði að þetta væri skylda en væri þó ekki gert.



Mynd 12

Dagmerkingar

Það sama gildir um dagmerkingar eins og gæðamat að meirihlutinn, eða 86%, er mjög sammála því að bæta þurfi dagmerkingar. Heildarfjöldi svara voru 50.




Mynd 13

5.9. Verðmunur á góðum og slæmum fiski

Eins og minnst hefur verið á áður er altalað að hér ráði seljendur ríkjum því skortur sé á hráefni miðað við eftirspurn. Í framhaldi af því hafa menn rætt um að ekki væri nægjanlega mikill verðmunur á góðum og slæmum fiski.

Verðmunur

Á myndinni hér til hægri má sjá að menn eru mjög ósammála því að nægilegur verðmunur sé á góðum og lélegum fiski. Fjöldi svarenda í þessari spurningu var 51.




Mynd 14

5.10. Karamál

Í viðtölum kom fram megn óánægja með hreinlæti kara. Þau voru sögð skítug og oft á tíðum voru sprungur og göt á þeim.

Kör eru að öllu jöfn ósnyrtileg

Um 58% svarenda eru mjög, eða frekar, sammála þessari fullyrðingu. Meðaltalseinkunn er 5,19 og spurningunni svöruðu 51 aðili.




Mynd 15

Í ljós kom að það eru viðskiptavinir á Vestfjörðum sem eru hvað mest sammála því að kör séu að öllu jöfnu ósnyrtileg með 6,1 í meðaleinkunn. Ef merkt er við einn þá eru menn mjög ósammála fullyrðingunni en ef merkt er við sjö þá eru menn mjög sammála fullyrðingunni sem sett er fram. Þannig má sá að Vestfirðingar eru tiltölulega sammála um að kör séu að öllu jöfnu ósnyrtileg. Einkunnagjöf einstakra landshluta má sjá í viðauka 2 blaðsíðu xx.

Í næstu spurningu var síðan spurt út í það hvort viðskiptavinir vildu að á hverju kari kæmu fram upplýsingar um úr hvaða bát afli kemur frá auk upplýsinga um þyngd í kari, aldur og fleira.

Upplýsingar á kör


Í þessu sambandi voru menn mjög einhuga. Rúmlega 90% svarenda voru mjög sammála því að þessar upplýsingar þyrftu að koma fram. Fjöldi svarenda var 51.



Mynd 16

5.11. Upplýsingamál


Í spurningum 14 til 17 var farið út í upplýsingamál. Sú fyrsta af þessum spurningum fólst í því að leita álits á því hvort menn kæmu til með að notfæra sér kerfi þar sem hægt væri að taka út ýmsar upplýsingar úr gömlum sölufærslum. Dæmi um þetta gæti verið að fá upplýsingar um verð á þorski í síðasta mánuði og fleira í þeim dúr.



Mynd 17

Heildarfjöldi svara við þessari spurningu var 50. Niðurstaða þessarar spurningar er í hróplegu ósamræmi við niðurstöður viðtala. Þar voru menn frekar á því að þeir myndu ekki notfæra sér slíkt upplýsingakerfi. Ástæðan sem gefin var er að markaðurinn er mjög breytilegur og það sem gildi í dag væri ekki það sama og gildi á morgun. Eins og sjá má hallast fleiri að því að þeir myndu notfæra sér umrætt kerfi.


Þegar spurt var um hvort bæta þyrfti almennt upplýsingaflæði milli markaða og viðskiptavina kom eftirfarandi í ljós. Fjöldi svarenda var 50.



Mynd 18

Mjög sterkur vilji reyndist vera fyrir hendi á að bæta upplýsingaflæðið. Í spurningunni var tekið dæmi um hvað átt er við. Þetta getur t.d. átt við að viðskiptavinir fái sjálfkrafa sent alla uppboðslýsinguna, eða bara hluta hennar þegar það á við, á faxi, rafpósti eða hreinlega hafi aðgang að henni á Internetinu. Eftir uppboð er síðan sjálfkrafa sendur kaupalisti.


Næsta spurning snérist um hvort leynd ætti að hvíla yfir því hver væri kaupandinn að hverri stæðu. Það voru 47 aðilar sem svöruðu þessari spurningu.




Mynd 19

Stærsti hlutinn vill að það komi fram hver kaupandinn er, eða 48,9%. Það eru þó 17% sem vilja að leynd hvíli yfir því hver kaupandi sé hverju sinni. Ein athugasemd var sú að kaupandi mætti koma fram í Hafsjó.

Ef nota á Internetið í auknum mæli til að miðla upplýsingum er gott að gera sér grein fyrir hversu stór hluti af viðskiptavinum RSF hefur aðgang að Netinu á vinnustað sínum. Eins og sést á myndinni hér að neðan eru það 65% svarenda sem hafa aðgang að Netinu á vinnustað.



Mynd 20




Mynd 21

Þeir sem ekki hafa aðgang að Netinu á vinnustað virðast þó hafa aðgang að því annarsstaðar þar sem aðeins 26,6% nota Netið ekki neitt. Netið er greinilega ekki mjög mikið notað, enn sem komið er.

5.12. Flutningamál

Fullyrðing 18 hljóðaði svo: "Flutningamál eru í góðu lagi í dag". Niðurstöður voru eins og sést hér til hægri. Það virðist vera sem svo að menn séu nokkuð ánægðir með



Mynd 22

flutningamál eins og þeim er háttað í dag. Aðeins um 16% eru á annarri skoðun. Alls svöruðu 51 aðili.


Fróðlegt er að skoða hvað fyrirtæki í einstökum landshornum segja um flutningamál. Eftirfarandi er tafla sem sýnir meðaleinkunn hvers landshluta fyrir sig.

Staðsetning	Meðaleinkunn
Höfuðborgarsvæðið	5,00
Suðurnes	4,10
Vesturland	6,17
Vestfirðir	3,67
Norðurland	5,44
Austurland	5,67

Tafla 6

Meðaleinkunn fyrir landið í heild er 4,88. Þannig sést að það eru Vestfirðir sem eru óánægðastir með flutningamál en Vesturland eru þeir sem eru ánægðastir. Fast á hæla Vestfjarða koma síðan Suðurnes með meðaleinkunnina 4,1.

Í framhaldinu var spurt hvort markaðir ættu að sjá alfarið um flutningamál. Þar var afstaðan skýr. Skila-boðin eru að markaðir eiga ekki að sjá um flutningamál.



Mynd 23

Það eru þó tæp 20% svarenda sem eru mjög sammála því að markaðir sjái um flutningamál. Heildarfjöldi svara var 46.

Á sama hátt og að ofan eru einstakir landshlutar skoðaðir. Meðaltal, á skalanum 1 til sjö, fyrir landið allt er 3,17.

Staðsetning	Meðaleinkunn
Höfuðborgarsvæðið	3,78
Suðurnes	2,88
Vesturland	2,83
Vestfirðir	4,44
Norðurland	1,78
Austurland	3,75

Tafla 7


Það kemur því í ljós að Norðlendingar eru mest á móti því að markaðir sjái um flutningamál og fast á hæla þeim koma Suðurnes. Vestfirðir og Höfuðborgarsvæðið eru þeir aðilar sem vilja láta markaði sjá um flutningamál. Einnig kom í ljós að það eru minnstu fyrirtækin, með veltu undir 50 milljónum, sem eru helst á því að láta markaði sjá um flutningamál.

5.13. Gæðamál

Það kom oftast en ekki fram í viðtölum að viðskiptavinir töldu að þjónusta fiskmarkaða hefði batnað með árunum. Spurning 20 var einmitt um þetta málefni.

Þjónusta fiskmarkaða er að verða betri

Eins og sjá má hallast menn frekar að því að þjónustan sé að verða betri. Tæpur fjórðungur hallast að því að þjónustan batni ekki. Svarendur voru 50.




Mynd 24

Það landshorn sem finnst fiskmarkaðir ekki fara batnandi er Vesturland. Heildarmeðaleinkunn er 4,44 en Vestlendingar gefa að meðaltali einkunina 3,66. Það eru síðan Austfirðingar sem eru mest sammála því að þjónusta fiskmarkaða sé að verða betri með meðaleinkunnina 5.

Tilgangur spurningar 21 var að kanna hvort viðskiptavinir teldu að það skipti máli frá hvaða fiskmarkaði keypt væri hverju sinni.


Skiptir máli frá hvaða markaði afli kemur

Það má glögglega sjá að fiskur og þjónusta einstakra markaða er ekki einsleit því 73% svarenda telja að það skipti máli hvaðan afli kemur.



Mynd 25

Spurt var um tíðni kvartana á fjórum þáttum. Meðaltal niðurstaðna sést á myndinni hér að neðan. Ef viðkomandi hefur merkt við einn þá hefur hann aldrei kvartað yfir viðkomandi atriði en ef merkt er við sjö þá kvartar viðkomandi mjög oft.



Mynd 26

Eins og sjá má er það vigt sem kemur verst út en þó er meðaltalseinkunn ekkert óeðlilega há. Næst þar á eftir kemur stærð.

Þegar meðtal er tekið af einkunnum einstakra landshorna kemur í ljós að það eru kaupendur á höfuðborgarsvæðinu sem eru duglegastir við að kvarta en Austfirðingar eru þeir sem kvarta minnst.

	Stærð	Gæði	Vigt	Afgreiðsla	Meðaltal
Höfuðborgarsvæðið	5,40	4,10	5,30	2,60	4,35
Suðurnes	4,90	3,70	5,30	2,80	4,18
Vesturland	5,00	2,80	5,17	4,00	4,24
Vestfirðir	5,00	4,44	4,75	3,57	4,44
Norðurland	4,22	4,33	4,13	2,43	3,78
Austurland	2,50	2,75	2,50	1,67	2,35

Tafla 8

Töflu, svipaða þeirri hér að ofan, er að finna í viðauka 2 á blaðsíðu xxviii þar sem fram kemur einkunnagjöf einstakra geira fiskvinnslunnar.


Í lokin voru svarendur beðnir að skrifa niður önnur atriði sem viðkomandi hafi oft þurft að kvarta yfir.

- | | |
|--|--|
| <ul style="list-style-type: none"> • Starfsmönnum • FM Vopnafirði • Röngum reikningum • Upplýsingum • Rangri stærðarflokkun • Fiskur utan af landi lagður af stað til kaupenda í Rvík áður en boðið er upp | <ul style="list-style-type: none"> • Stjórnendum • Illa ísuðum fiski • Afhendingarseðlum • Rangri vigt • Merkingu |
|--|--|

Tafla 9

Hér að framan má sjá þær athugasemdir sem fram komu.

Spurning 22 hljóðaði svo: "Hversu vel eru kvartanir afgreiddar á fiskmörkuðum". Útkoman varð eftirfarandi.



Mynd 26

Svarendur merktu við frá einum, sem þýddi að kvartanir væru mjög illa meðhöndlaðar, upp í sjö, sem þýddi mjög að mjög góð meðhöndlun væri á kvörtunum hjá viðkomandi markaði. Á myndinni er miðað við 95% öryggisbil og þannig má sjá að ekki er marktækur munur milli markaðarins sem fær lægstu einkunn og þess sem fær bestu einkunn. Þetta skýrist einkum af því að sveiflan er mjög mikil. Nær allir markaðir fá einkunn alveg frá einum upp í sjö þannig að álit manna á mörkuðum er vægast sagt mjög mismunandi. Heildarmeðaltal er 4,65. Einkunnadreifingu einstaka markaða er að finna í viðauka 2 á blaðsíðu xxx.

Þegar skoðuð er útkoma einkunna miðað við landshorn kemur í ljós að Vestfirðingar telja verst vera greitt úr kvörtunum með meðaleinkunina 2,95. Best telja Norðlendingar greitt úr kvörtunum með meðaleinkunina 5,64. Einkunnadreifingu miðað við landshluta er einnig að finna í viðauka 2 á blaðsíðu xxxi.


Þegar hinsvegar er skoðað hvaða gearar sjávarútvegsins eru óánægðastir með meðhöndlun kvartana eru það fyrirtæki sem falla undir flokkinn annað. Þar á eftir koma fyrirtæki í fjölbreyttri vinnslu með 3,33 sem meðaltal. Þess ber að geta að mjög mismunandi fjöldi svara liggur að baki hverri einkunn. Þannig eru það aðeins tvö fyrirtæki sem falla undir fjölbreytta vinnslu. Ekki reyndist mikill munur á þeim

þrem tegundum vinnslu sem algengastar eru, þ.e. í frystingu, söltun og ferskfiski. Einkunnadreifingu er að finna í viðauka 2 á blaðsíðu xxxi.

Einnig er að finna í viðauka 2, á blaðsíðu xxxii, einkunnadreifingu miðað við veltu fyrirtækja. Ekki reyndist mikill munur milli einkunna mismunandi veltu fyrirtækja.

5.14. Einkunnir markaða

Svarendur voru beðnir að gefa einstökum mörkuðum einkunn á skalanum frá einum upp í tíu. Útkomu allra markaða má sjá hér að neðan.



Mynd 27

Það sama gildir hér og í spurningunni um kvartanir að sveifla einkunna er mjög mikil. Þannig fá nánast allir markaðir einkunn frá einum upp í tíu. Þetta gerir það að verkum að óvissan verður mikil og þannig reynist vart marktækur munur milli hæstu og lægstu einkunna þó svo að munurinn þar á milli sé 1,69. Heildarmeðaltal allra markaða er 6,93.

Það eru fyrirtæki á Höfuðborgarsvæðinu sem gefa lægstu einkunnirnar að meðaltali en það eru Norðlendingar sem eru hvað ánægðastir og gefa hæstu meðaleinkunnina. Þegar einkunnir eru skoðaðar miðað við vinnsluferli einstakra fyrirtækja kemur í ljós að ekki er mikill munur á einkunnum milli þriggja helstu vinnsluaðferðanna, þ.e. frystingu, söltun og ferskfiski. Lægstu einkunn gefa fyrirtæki í frystingu (6,84), en þá hæstu gefa fyrirtæki í söltun (7,19). Ekki reyndist heldur mikill munur á einkunnagjöf mismunandi stærða fyrirtækja. Allar ofangreindar upplýsingar er hægt að lesa um í töflum í viðauka 2 á blaðsíðu xxxv og xxxxvi.

Um leið og svarendur voru beðnir að gefa einstökum mörkuðum einkunn voru þeir einnig beðnir að lista upp helstu vandamál in á hverjum markaði. Hér að neðan er að finna umfjöllun um hvern og einn markað og þau vandamál sem helst voru nefnd.

Vinstra megin er lýst tölulegum niðurstöðum en hægra megin eru birt þau vandamál sem oftast voru nefnd. Röð þeirra segir nokkuð til um mikilvægi, þ.e. það sem fyrst kemur var oftast nefnt og svo koll af kolli. Fjöldi svara við einstaka markaði eru mjög mismunandi eins og sjá má. Þannig gáfu 32 aðilar markaðinum á Ísafirði einkunn en aðeins 14 gáfu markaðinum í Grímsey einkunn. Þannig komast vandamál sem aðeins var nefnt einu sinni á lista hjá mörkuðum þar sem svarafjöldi var lágur.

Fiskmarkaður Suðurnesja, Sandgerði

Tölulegar niðurstöður	
Meðaltal	6,50
Staðalfrávik	2,47
Hæsta gildi	10
Lægsta gildi	1
Sæti (1-12)	10
Fjöldi svara	30

Stærstu vandamál in:
<ul style="list-style-type: none"> • Vigtin • Stærðarflokkun • Leiðréttingar ekki framkvæmdar • Ísun • Frágangur • Upplýsingar um gæði afla • Vantar meðalvigt • Vantar mannskap í afgreiðslusal á afgreiðslutíma

Fiskmarkaður Suðurnesja, Njarðvík

Tölulegar niðurstöður	
Meðaltal	6,77
Staðalfrávik	1,77
Hæsta gildi	10
Lægsta gildi	3
Sæti (1-12)	8
Fjöldi svara	26

Stærstu vandamál in:
<ul style="list-style-type: none"> • Vigtin • Stærð • Ísun • Frágangur • Upplýsingar um gæði afla • Erfitt að fá leiðréttingar • Óþjónustulundaður starfsmaður í sal • Löndunarþjónusta sein

Fiskmarkaður Suðurnesja, Grindavík

Tölulegar niðurstöður	
Meðaltal	7,21
Staðalfrávik	2,02
Hæsta gildi	10
Lægsta gildi	1
Sæti (1-12)	6
Fjöldi svara	28

Stærstu vandamál in:
<ul style="list-style-type: none"> • Stærð • Vigt • Frágangur • Þjónustulipurð • Rangt afgreitt • Ísun • Afgreiðsluseðlar • Vantar meðalvigt

Fiskmarkaður Suðurnesja, Ísafirði

Tölulegar niðurstöður	
Meðaltal	6,06
Staðalfrávik	2,87
Hæsta gildi	10
Lægsta gildi	1
Sæti (1-12)	12
Fjöldi svara	32

Stærstu vandamálin:
<ul style="list-style-type: none">• Vigtin• Stærðarflokkun• Of lengi að koma fiski til kaupanda• Leiðréttingar vegna rangra upplýsinga• Frágangur• Aldur• Allt• Til fyrirmyndar

Fiskmarkaður Tálknafjarðar

Tölulegar niðurstöður	
Meðaltal	6,65
Staðalfrávik	2,46
Hæsta gildi	10
Lægsta gildi	1
Sæti (1-12)	9
Fjöldi svara	20

Stærstu vandamálin:
<ul style="list-style-type: none">• Vigtin• Of lengi að koma fiski til kaupanda• Stærðarflokkun• Aldur• Afgreiðsluseðlar

Fiskmarkaður Hornafjarðar

Tölulegar niðurstöður	
Meðaltal	7,75
Staðalfrávik	1,94
Hæsta gildi	10
Lægsta gildi	2
Sæti (1-12)	1
Fjöldi svara	28

Stærstu vandamálin:
<ul style="list-style-type: none">• Erfitt að fá leiðrétt• Vigt• Flutningar• Stærðarflokkun• Aldur• Mikið um villur• Stærð• Mjög gott

Faxalón Hafnarfirði-Reykjavík

Tölulegar niðurstöður	
Meðaltal	7,56
Staðalfrávik	1,76
Hæsta gildi	10
Lægsta gildi	3
Sæti (1-12)	2
Fjöldi svara	27

Stærstu vandamálin:
<ul style="list-style-type: none">• Stærð• Afgreiðsla/afgreiðsluseðlar• Vigt• Aldur• Í lagi (á meðan Ragnar er)• Lélegir hátalarar við uppboð, heyrist mjög illa• Mjög erfitt að fá samband• Tími á dreifingu

Fiskmarkaður Hólmavíkur

Tölulegar niðurstöður	
Meðaltal	7,47
Staðalfrávik	1,55
Hæsta gildi	9
Lægsta gildi	5
Sæti (1-12)	3
Fjöldi svara	15

Stærstu vandamálin:
<ul style="list-style-type: none">• Vigt• Afgreiðsluseðlar/leiðrétting• Ekki slægingarþjónusta á staðnum• Flutningur til Dalvíkur• Of lélegt hráefni• Stærð

Fiskmarkaður Vopnafjarðar

Tölulegar niðurstöður	
Meðaltal	7,29
Staðalfrávik	2,47
Hæsta gildi	10
Lægsta gildi	1
Sæti (1-12)	4
Fjöldi svara	17

Stærstu vandamálin:

Fiskmarkaður Dalvíkur, Dalvík

Tölulegar niðurstöður	
Meðaltal	7,22
Staðalfrávik	2,32
Hæsta gildi	10
Lægsta gildi	2
Sæti (1-12)	5
Fjöldi svara	18

Stærstu vandamálin:

Fiskmarkaður Dalvíkur, Grímsey

Tölulegar niðurstöður	
Meðaltal	7,07
Staðalfrávik	2,13
Hæsta gildi	9
Lægsta gildi	2
Sæti (1-12)	7
Fjöldi svara	14

Stærstu vandamálin:

Fiskmarkaður Snæfellsness

Tölulegar niðurstöður	
Meðaltal	6,35
Staðalfrávik	2,76
Hæsta gildi	10
Lægsta gildi	1
Sæti (1-12)	11
Fjöldi svara	31

Stærstu vandamálin:

5.14.1. Samantekt umkvartana

Eins og glögglega má sjá er oftast um sömu vandamálin að ræða hjá öllum mörkuðum. Ef reynt er að draga ofangreinar upplýsingar saman má ætla að stærstu vandamálin séu:

- Stærðarflokkun
- Vigt

- Erfitt að fá leiðréttingu
- Aldur
- Flutningar
- Frágangur

Þrjú af þessum vandamálum eru ekki beint á hendi markaða, þ.e. stærðarflokkun, aldur og frágangur. Markaðir geta þó reynt að hafa áhrif á frágang og meðferð afla. Öruggt er að margir kjósa frekar að fara í bein viðskipti vegna þess að með því móti er búið að tryggja gæði afla, í það minnsta betur en á mörkuðum. Með því móti getur vinnsluaðili betur sett upp kröfur um hvernig meðferð afla skuli háttað. Meðferð afla þarf því að bæta til að bæta samkeppnisstöðu fiskmarkaða á landinu.

6. Samantekt

Það sem beint snýr að mörkuðum varðandi niðurstöðu þessa verkefnis er að taka þarf upp hitamælingar í fiski á mörkuðum. Umræður voru um að taka hitastig á fjórum stöðum. Hiti við löndun, þegar fiskur kemur á markaðsgólf, hiti við sölu og hiti við afgreiðslu. Auðvitað hlýtur það að teljast mikilvægt að fylgjast með hita fisks í gegnum allt ferlið. Of flókið mál er þó að taka upp allar þessar hitamælingar, a.m.k. í fyrstu atrennu. Því er það væntanlega hentugast að mæla hitastig fisks er hann kemur á markaðsgólf.

Ýmiskonar gæðamat á fiski eða tengdum upplýsingum var ofarlega í huga þátttakenda. Margir gerðu sér þó grein fyrir því að erfitt gæti reynst fyrir markaði að leggja mat á afla því með því móti er hlutleysi þeirra stefnt í voða. Ef mögulegt væri að taka upp einhverskonar mat þá telja menn mikilvægast að fá mat á ísun annars vegar og mat á röðun og þvotti hins vegar. Það má þó segja að margir hafa gagnrýnt stöðu mála í sambandi við röðun. Þó svo að það segi á uppboðsblaði að afla sé raðað og ísað þá þarf ekki að vera að afla sé í raun raðað. Málið er í raun einfalt, eins og einn viðmælandi skýrsluhöfundar sagði, ef hryggur snýr upp þá er fisknum raðað. Það má líka segja að með því að mæla hitastig fisks á markaði kemur að nokkru leyti í ljós hversu vel afli er ísaður.

Annað sem snýr beint að mörkuðum eru staðlar varðandi stærðarmörk. Svarendur voru mjög sammála um að þar þyrfti að gera bragarbót á. Vandinn liggur að hluta til í óvandaðri flokkun á sjó. Hins vegar má segja að það sé óhentugt að fá afla uppgefinn á ákveðnu meðaltalsbili. Þannig getur sveiflan orðin mikil. Einn

viðmælandi sagðist reyndar alltaf reikna með að fá afla í flokknum fyrir neðan þann sem hann kaupir.

Það er krafa manna að dagmerkingar verði bætтар. Þar verða markaðir og útgerðarmenn að taka höndum saman. Það sama gildir um almennan frágang og meðferð afla, sem menn töldu oft á tíðum mjög slæman. Í framtíðinni munu kaupendur einnig krefjast upplýsinga um hveru langan tíma fiskur bíður óblóðgaður og einnig upplýsingar um veiðisvæði.

Það er greinilegt að menn kæmu til með að notfæra sér upplýsingakerfi á Internetinu þar sem hægt væri að taka út ýmsar upplýsingar úr eldri sölufærslum. Almennt upplýsingaflæði þarf einnig að bæta eins og t.d. sjálfvirkar útsendingar kaupalista. Þetta á einnig við um að á öllum körum þurfa að vera upplýsingar um af hvaða báti afli kemur, aldur, vigt og fleira í þeim dúr.

Það kom á óvart hversu mörg prósent svarenda voru með aðgang að Internetinu í vinnu, eða 65%. Það ætti því ekki að hindra aukna notkun rafpósts í samskiptum RSF og viðskiptavina.

Menn eru afar óhressir með hvernig staðið er að vigtunarmálum og í ofanálag kemur að erfitt virðist vera að fá leiðréttingar. Menn tala um stöðuga undirvigt en auðvitað eru tvær hliðar á þessu máli sem og öðrum. Þegar þetta vandamál bætist ofan á vandamálin varðandi frágang afla er afleiðingin sú að margir kjósa frekar að komast í bein viðskipti. Þetta hlýtur að vera mál sem þarf að vera ofarlega á baugi við stefnumótun markaða á komandi árum.

Kröfur á hendur fiskvinnslum eru sífellt að aukast og í því sambandi má nefna kröfuna um innra eftirlit. Ekki dugir að hafa gæðamálin í góðu lagi í vinnslum landsins heldur þarf gæðakeðjan á ná allt aftur til veiða. Því geta utanaðkomandi kröfur hreinlega hindrað menn í að kaupa fisk á mörkuðum, þar sem ekki fylgja með fiskinum nægjanlega góðar upplýsingar um uppruna hans, aldur og fleira. Þær raddir heyrast að fiskur sem keyptur er á mörkuðum sé slakari en sá sem fenginn er af eigin skipum eða í beinum viðskiptum. Sú umræða hlýtur að vera umhugsunarverð fyrir stjórnendur fiskmarkaða.

7. Lokaorð

Fiskmarkaðir eru í sífelldri framþróun í takt við umhverfið hverju sinni. Margt er vel gert á fiskmörkuðum í dag en eins og víðast hvar er margt sem þarfnast lagfæringar. Til þess að haldi sínum hlut í samkeppni við bein viðskipti er það forgangsmál að fá útgerðir í lið með sér til að bæta frágang afla og gefa nákvæmari upplýsingar um afla, eins og t.d. aldur.

Að lokum vil ég þakka RSF fyrir samstarfið og einnig öllum þeim sem tóku tíma til að svara könnuninni.

8. Heimildir

Útvegur 1996. Fiskifélag Íslands.

Grímur Valdimarsson. 1992. Fræðsluþættir Rf. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Hannes Árnason og Halldór Pétur Þorsteinsson. 1993. *Samanburður á ísun á fiski í kassa og ker.* Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Skýrsla Rf 20.

Ari Wendel. 1995: *Ferskfiskmarkaðir.* Lokaverkefni við Véla- og iðnaðarverkfræðiskor. Háskóli Íslands.

Paul Newbold. 1995: *Statistics for business and economics.* Fourth Edition. Prentice-Hall International. New Jersey.

McDaniel Jr., Carl, Gates, Roger: 1993. *Contemporary marketing research.* Second edition. West Publishing Company. Minneapolis/St. Paul.

Munnlegar heimildir:

- Viðtöl við viðskiptavini fiskmarkaða innan RSF
- Starfsmenn RSF
- Sigurjón Arason, Rf

Viðauki 1

Reykjavík 4. nóvember 1997

Beinist til þess aðila sem á viðskipti við fiskmarkaði innan RSF

Efni: Skoðanakönnun meðal viðskiptavina fiskmarkaða innan RSF

Ágæti viðtakandi

Sú könnun sem þú hefur nú fengið í hendur er til komin vegna samstarfs RSF (Reiknistofa fiskmarkaða) og Rf (Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins). Könnunin er send út til um 250 viðskiptavina RSF. Markmiðið með henni er að kanna hvort mönnum þyki vanta frekari upplýsingar til þess að geta betur metið aflann óséðan. Einnig er líka farið yfir ýmsa gæðabætti og hvaða upplýsingar þarf að laga þannig að þær verði áreiðanlegri.

Það er mjög mikilvægt að fá álit viðskiptavina á þjónustu fyrirtækja og fá þannig upplýsingar um hvað betur mætti fara. Þessi könnun er liður í því að bæta núverandi kerfi RSF og þar með þjónustuna við þig og þitt fyrirtæki. Þess vegna er mikilvægt að fá þitt álit á stöðu mála á fiskmörkuðum.

Ég vil biðja þig að svara þessari könnun og skila henni sem fyrst, annað hvort í meðfylgjandi umslagi með pósti eða að faxes svörin hingað á Rf.

Ef einhverjar spurningar eru óskýrar eða ef spurningar vakna hvet ég þig til að hafa samband við mig.

Með fyrirfram þökk,

Ragnar Egilsson
Upplýsingasvið Rf
Sími 562 0240
Fax 562 0740
Netfang ragnar@rfisk.is

MAT Á NÚVERANDI UPPLÝSINGUM**1. Hversu mikið notar þú eftirfarandi upplýsingar þegar þú eða þitt fyrirtæki ákvarðar kaup á fiski á fiskmörkuðum ?**

	Ekkert					Mjög mikið		Á ekki við
Bátur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Veiðarfæri	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ástand (slægt/óslægt.....)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Gæði (raðað, ísað,)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Aldur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Stærð	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
